

**Nr. 19-030 S 020 Týr varðskip****Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr. nr. 1421  
Útgerð: Landhelgisgæsla Íslands  
Smíðaður: Danmörk 1975, stál  
Stærð: 916 brl. 1271 bt.  
Mesta lengd: 71,15 m Skráð lengd: 63,55 m  
Breidd: 10 m Dýpt: 8,1 m  
Vél: MAN 6330 kW, 1974  
Fjöldi skipverja: 18



Týr©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. febrúar 2019 var varðskipið Týr við eftirlitsstörf á Vestfjarðamiðum. Veður: SA 7-9 m/sek. Ölduhæð: 1 meter.

Tveimur skipverjum varðskipsins hafði verið siglt með léttbát skipsins yfir í togara að veiðum til að framkvæma skyndiskoðun á togaranum. Þegar því var lokið var léttbáturinn sendur yfir til að sækja þá aftur en þegar þeir voru að fara niður leiðara úr skipinu fékk annar þeirra slink á hægri handlegginn þegar hann var staddur í leiðaranum. Í samráði við lækni var talið óhætt að skipverjinn myndi ljúka ferðinni en hann ætti að hlífa handleggnum.

Týr kom til hafnar fjórum dögum síðar og við skoðun kom í ljós að vöðvafesting hafði rifnað. Þurfti skipverjinn að gangast undir aðgerð.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjarnir fóru út um síðuhurð á togaranum þar sem búið var að setja út leiðara;
- að skipverjinn var kominn niður í leiðarann og hélt sér í hurðarkarminn með hægri hendinni. Þegar báturinn var kominn að síðu togarans greip hann í handrið á bátinum með vinstri hendinni en var aðeins of seinn að sleppa hægri hendinni þegar báturinn tók dýfu;
- að hann var vel útbúinn og í öllum tilskildum öryggisfatnaði þegar atvikið átti sér stað;
- að um borð í skipinu er virk öryggisnefnd sem fór yfir slysið.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.